

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu hefur samkvæmt lögum 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 10. nóv. 1905, um viðauka við greind lög, gjört og hjeradsfundur fallizt á eptirfylgjandi

samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Í febrúarmánuði skal eigi róið (farið) til fiskjar frá náttmálum til kl. 5 f. hád., frá 1.—20. marzmánaðar, að báðum þessum dögum meðtöldum, eigi fyr en kl. 4 f. hád., frá 20. marzmánaðar til 20. aprilmánaðar, að þeim degi meðtöldum, eigi fyr en kl. 3 f. hád. og frá 20. aprilmánaðar til vetrarvertiðarloka ekki fyr en kl. 2 f. hád.

2. gr.

Á hverju vetrarvertiðarskipi skulu ávallt, er út er róið (farið) til fiskjar, vera að minnsta kosti 8 pottar af lýsi eða olíu, og sömuleiðis áreiðanlegur kompás. Formaður hefur ábyrgð á því, að þessa sje gætt.

3. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á »Leiðina« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Ef nokkuð er að »Leiðinni«, má eigi leggja opnum skipum á hana hverju á móti öðru, heldur skal beðið eptir því skipinu, sem á »Leiðina« er lagt; en það skipið hefur forgangsrjett er af sjó kemur.

4. gr.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu kýs ár hvert 3 sjómenn í nefnd til þess að gæta þess, að fyrirmælum samþykktar þessarar sje fylgt. Enginn, sem stundar fiskiveiðar í sýslunni, getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþykktinni, þegar er þeim verður kunnugt um þau.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð, en hinn helmingurinn tilfellur þeim, er brotinu kemur upp.

6. gr.

Af hverjum hlut frá sjó skal greiða yfir vetrarvertið hverja 1 krónu og yfir vorvertið hverja 50 aura, til þess að bæta lendingar í Vestmannaeyjum. Gjald þetta, sem taka má lögtaki á þann hátt, er segir í lögum 16. des. 1885,

43 greiðist fyrir 1. apríl og 1. júní, og skal formaður annast um greiðslu þess, en 20. apríl oddviti sýslunefndarinnar innheimtir gjaldið gegn 4% innheimtulaunum og gjörir reikning fyrir því.

7. gr.

Fje það, sem innheimt er eptir 6. gr., rennur í sjóð, er nefnist Lendingar-sjóður Vestmannaeyja og er hann í ábyrgð sýslunefndarinnar, er sjer um ávöxtun hans á sem tryggilegastan og haganlegastan hátt, og veitir nefndin fje úr sjóðnum, er þörf þykir, til þess að bæta lendingar á samþykktarsvæðinu.

8. gr.

Samþykkt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu frá 29. apríl 1901 og samþykkt, um breytingar á tjeðri samþykkt, 18. des. 1905, eru hjermeð úr gildi fallnar.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 12. maí 1906 og kunngjörð til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 20. apríl 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

44

4. apríl

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á

heilbrigðissamþykkt fyrir Flateyrarkauptún.

Samkvæmt lögum 10. nóv. 1906, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eptirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Flateyrarkauptún í Vesturisafjarðarsýslu, sem samín hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

I. Um almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefur gildi í þeim hluta Mosvallahrepps, er liggur innan þeirra marka, er hjer greinir: Jörðin Eyri (Flateyri).

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilefnir af íbúum kauptünsins til jafn langs tíma.